

Ed.

345. Frumvarp til laga

[157. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

I. KAFLI

Tilgangur og skipan deilda.

1. gr.

Skólinn heitir Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

2. gr.

Tilgangur skólans er:

1. að veita kennslu og þjálfun í myndlistum,
2. listiðnum og
3. búa nemendur undir kennarastörf í vefnaði, teiknun og öðrum greinum myndrænna lista, sem kenndar eru í skólum landsins.

3. gr.

Í skólanum eru þessar deildir:

1. Myndlistadeild, en til hennar teljast forskóli og námsflokkar til framhaldsnáms í þessum greinum: frjálsri myndlist, ritlist, mótlist og veggmyndalist. Enn fremur námsflokkar til undirbúnings að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist.
2. Kennaradeild, er greinist í teiknikennaradeild og vefnaðarkennaradeild.
3. Listiðnadeild.
4. Námskeið.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsdeildir og próf.

4. gr.

Myndlistadeild.

1. Rétt til inngöngu í forskóla myndlistadeildar veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem skólastjóri metur gilda. Ef sérstaklega stendur á, getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Við inntöku í forskólann skal höfð hliðsjón af hæfileikum umsækjanda á sviði myndrænna listgreina.

- Forskólinn veitir tveggja ára undirbúningsmenntun í almennum myndlistum. Aðalkennslugreinar skulu vera teiknun, málun og myndmótun.
2. Rétt til framhaldsnáms í myndlistadeild eiga þeir, sem lokið hafa forskólánámi með fullnægjandi árangri, eða hlotið hliðstæðan undirbúning annars staðar.

Þessir skulu vera flokkar framhaldsnáms:

- a. Frjáls myndlist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og myndmótun.
 - b. Frjáls ritlist. Aðalgreinar eru teiknun og almennar greinar ritlistar.
 - c. Hagnýt ritlist. Aðalgreinar eru teiknun, letrun, sérgreinar rittækni og gerð auglýsinga.
 - d. Veggmyndalist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og gerð veggmynda.
 - e. Mótlist. Aðalgreinar eru teiknun og myndmótun.
 - f. Undirbúningur að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist. Aðalgreinar eru frihendisteiknun, tækni- og rúmsæisteiknun og hagnýt mótun.
- Nám í flokkum a—e tekur tvö ár og lýkur með prófi.

5. gr.

Kennaradeild.

1. Teiknikennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í teiknun og skyldum greinum í barna- og framhaldsskólum landsins.
Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður lokið tveggja ára forskólánámi myndlistadeildar, eða hlotið hliðstæða undirbúningsmenntun.
2. Vefnaðarkennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í vefnaði, Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður stundað undirbúningsnám í vefnaði með þeim árangri, sem skólastjóri metur gildan.
3. Nám í öðrum greinum kennaradeildanna en sérgreinum skal vera hið sama eða hliðstætt námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands. Námi í kennaradeild lýkur með kennaraprófi.

6. gr.

Listiðnadeild.

Listiðnadeildin veitir kennslu í listiðnum eða einstökum þáttum þeirra, svo sem listvefnaði, tízkuteiknun og leirmunagerð. Um inntökuskilyrði, námstíma og próf fer samkv. ákvæðum reglugerðar skólans.

7. gr.

Námskeið.

Skólinn heldur uppi kennslu á skemmri eða lengri námskeiðum:

- a. Fyrir almenning í eintsökum greinum myndrænna lista og handíða, og
- b. í sérgreinum kennaradeildanna fyrir starfandi kennara.

8. gr.

Heimilt er að fjölga eða fækka kennsludeildum, að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

III. KAFLI

Skólastjórn, kennarar og skólaráð.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og fóstum kennurum skólans, og skal starfs svið hennar nánar ákveðið í reglugerð.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins. Þeir skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum fræðsluráðs.

Um launakjör skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

10. gr.

Heimilt er að skipa, auk skólastjóra, fjóra fasta kennara við skólann. Fjölgi eða fækki kennslugreinum eða -deildum er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins að breyta tölu fastra kennara.

Í reglugerð skal kveða á um kröfur þær um almenna menntun, sérmenntun og starfshæfni, er gera ber til kennara.

11. gr.

Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin af menntamálaráðuneytinu.

Skýlt er föstum kennurum að kenna 24—27 stundir vikulega, er fækki í 22 stundir, þegar kennari verður 55 ára og 17 stundir, þegar kennari verður sextugur. Lengd hvernar kennslustundar skal vera 45 mínútur.

Skólastjóri ræður stundakennara og aðra starfsmenn skólans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Til þess að stuðla að sem nánustum tengslum skólans við þróun þeirra þátta í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar, sem mestu skipta starf hans og tilgang, skal skipa sérstakt skólaráð.

Skólaráð skal vera stjórn skólans til ráðuneytis um ýmis mál, er skólastarfsemina varða, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólaráð skal skipað fimm mönnum til þriggja ára í senn. Borgarráð Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Kvenfélagasamband Íslands og Bandalag íslenzkra listamanna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í ráðið og sé fulltrúi B.Í.L. myndlistamaður. Menntamálaráðherra skipar formann skólaráðs án tilnefningar. Skólaráðið starfar án launa.

IV. KAFLI

Kostnaður og önnur ákvæði.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeildunum leiðir.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 4. mgr. þessarar greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin heimild í 7. gr. laga um iðnskóla nr. 45/1955, um listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistaskólans, svo og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 23. sept. 1963, fól menntamálaráðuneytið Kurt Zier, skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, ásamt þeim Helga Eliassyni, fræðslumálastjóra, dr. phil. Brodda Jóhannessyni, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og Lúðvíg Guðmundssyni, fyrrv. skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, að semja frumvarp til laga um Handíða- og myndlistaskólann. Hafa þeir samið frv. þetta og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á fyrstu áratugum þessarar aldar héldu ýmsir dráttgagir menn og listmálarar um skemmri og lengri tíma uppi nokkurri kennslu fyrir almenning í teiknun og listmálun. Þessi kennsla fór ýmist fram í einkatímum eða á nánskeiðum og þá einkum að kvöldlagi. Listamenn þessir munu að mestu leyti hafa staðið undir þessari fræðslustarfsemi sinni án opinberra styrkja.

Um reglulega, skipulega skólastarfsemi á þessu sviði er þó vart að ræða fyrr en Lúðvíg Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann haustið 1939.

Þegar á fyrsta starfsári skólans tók smíðakennaradeild til starfa. Myndlista- og teiknikennaradeildir voru stofnaðar haustið 1941. Kennaradeild handavinnu kvenna var stofnuð 1947, listiðnadeild 1956 og vefnaðarkennaradeild 1959.

Fyrstu þrjú árin var skólinn rekinn sem einkaskóli, en frá haustinu 1942 til loka ársins 1959 stóð félagsskapur áhugamanna að starfsemi hans, en síðan hefur skólinn að öllu leyti verið rekinn sameiginlega af ríkinu og Reykjavíkurborg.

Þegar frá fyrsta starfsári skólans hefur hann notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins og bæjarfélagsins, og frá öndverðu hefur ríkissjóður að verulegu leyti borið kostnað af starfsemi kennaradeildanna, enda kennslan í þeim deildum verið nemendum að kostnaðarlausu.

Á árinu 1951 varð sú breyting á rekstri kennaradeildanna, að tvær þeirra, smíðakennaradeildin og kennaradeild handavinnu kvenna, voru sameinaðar Kennaraskóla Íslands.

Á þeim aldarfjórðungi, sem á þessu ári er liðinn frá stofnun skólans, hafa nál. 6000 manns notið þar leiðsagnar um hin fjölbreytilegustu viðfangsefni á sviði myndrænna lista og handíða.

Til þessa hefur engin heildarlöggjöf verið sett um starfsemi hliðstæða þeirri, er Handíða- og myndlistaskólinn hefur haft með höndum, en í lögum um menntun kennara nr. 16 frá 12. marz 1947 fjallar V. kafli um Handíðakennaraskóla Íslands, þar segir m. a. svo:

„... 32. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handíðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær. ...

... 37. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 32. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.“

Með lögum um Kennaraskóla Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1963, voru þessi ákvæði numin úr gildi, og eru því nú engin lög í gildi um kennaradeildir skólans.

Í lögum um iðnskóla, nr. 45 1955, III. kafla, 7. gr., segir svo:

„Heimilt er að láta listiðnadeildir Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.“

Samkvæmt þessari heimild í iðnskólalögunum tóku listiðnadeildir skólans til

starfa haustið 1956. Menntamálaráðuneytið setti reglugerð um starfsemi þessa 21. júlí 1956.

Önnur lagaákvæði eru ekki fyrir hendi um sérnám í myndrænum listgreinum.

Með þessu frumvarpi, sem í öllum meginatriðum byggir á brautryðjendastarfi Handíða- og myndlistaskólans um aldarfjórðung, svo og á nauðsyn á endurskipun skólastarfsins, er stefnt að því að tryggja eðlilega þróun skólans sem samræmdrar, lífrænnar heildar.

Af því, sem nú hefur sagt verið, svo og með vísun til þeirrar staðreyndar, að skólastarfsemin hefur nú senn í 5 ár verið rekin að öllu leyti af hinu opinbera, má ljóst vera, að til þess ber brýna nauðsyn, að nú verði sett lög um skólann, er nái til allra þátta hans.

Með því að myndrænar listir nú og hin síðari ár skipa meginrúm í kennsluskrá skólans, en handíðir koma þar í næsta sæti, og í framtíðinni — svo sem hingað til — er skólanum ætlað að hafa forustu um kennslu í þeim greinum, telur nefndin rétt, að skólinn beri heitið „Myndlista- og handíðaskóli Íslands“.

Til inngöngu í allar deildir Myndlista- og handíðaskólans, nema almenn nám-skeið, eru í frv. gerðar hliðstæðar kröfur og til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands. Með vísun til þessa, svo og með tilliti til lengds námstíma og aukins námsefnis (sbr. einnig ákvæði frv. um kennaradeildirnar) virðist nefndinni ljóst, að rétt sé og sanngjarnt að skipa honum hliðstæðan sess innan skólakerfis þjóðarinnar og hinum almennu kennaradeildum Kennaraskóla Íslands.

Varðandi kennsluna í frjálsum myndlistum og hagnýtum greinum myndrænna lista vill nefndin benda á eftirfarandi: Hinir gömlu og grónu listaháskólar Evrópu (akademiur) helga sig flestir enn að mestu hinum svonefndu frjálsum myndlistum, þar sem hið listræna viðhorf eitt ræður stefnunni. Hagnýt myndlist, þ. e. þær greinar myndrænna lista, þar sem nytjasjónarmiðið er tengt hinu listræna viðhorfi, hefur verið og er víða kennd í öðrum tegundum skóla, sem á íslenzku mætti nánast nefna listiðnaskóla. (Erlend dæmi: kunsthåndværkerskole, kunstindustriskole, Werkkunstschule, Kunstgewerbeschule o. fl.). Viðhorf skólamanna á sviði myndrænna lista er nú mjög að sveigjast í þá átt, að telja þessa aðgreiningu á frjálstri myndlist frá hagnýtri list óeðlilega og jafnvel óheillavænlega. Einsætt virðist því vera, að hér á landi verði haldið áfram á þeirri braut, sem þegar er mörkuð, að kennsla í báðum þessum greinum myndrænna lista fari fram innan veggja Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en að ekki verði efnt til tveggja sérskóla þessa vegna.

Svo sem kunnugt er hafa hin síðari ár starfað hér á landi nokkrir skólar — flestir fámennir — er veitt hafa nokkra kennslu í myndrænum listgreinum. Hafa frístundamálarar og aðrir áhugamenn staðið að þeim. Í ýmsum greinum er eðlilegt að nokkurt samstarf sé með þeim og Myndlista- og handíðaskólanum og er raunar þegar fengin góð reynsla af því.

Athugasemdir laganefndar við einstakar greinar frv.

Sjá hér að ofan. Um 1. gr.

Skýringar óþarfar. Um 2. gr.

Sjá aths. við 4. gr. Um 3. gr.

Um 4. gr.

Svo sem meðf. yfirlitsmynd af skipan deilda og námsflokka skólans ber með sér, myndar forskóli myndlistadeildarinnar eins konar kjarna, er aðrar deildir skólans kvíslast út frá. Hlutverk forskólans er að veita nemendum hinna ýmsu deilda sem traustasta undirstöðu að framhaldsnámi, hvert sem sérnám þeirra kann að verða.

Aðalkennslugreinar í forskólanum verði teiknun, málun og myndmótun. Meðal annarra kennslugreina má nefna listsögu, form- og litfræði.

Námið í forskólanum tekur tvö ár. Fyrra árið er reynsluár og fá þeir einir nemendur, sem á því ári hafa sýnt listræna hæfileika og áhuga á námi, að halda áfram námi í myndlistadeildinni.

Á öðru ári í forskóla, þegar séð verður í hvaða átt stefnir um nám einstakra nemenda, geta þeir valið sér kjörgrein, og verður þeim þá gefinn kostur á að taka nokkurn þátt í námi í þeirri grein í öðrum dagdeildum skólans eða á námskeiðum. Að afloknu tveggja ára námi í forskólanum gefst þeim nemendum er þess óska og staðizt hafa lokapróf forskólans, kostur á inngöngu í framhalds- og sérnámsflokka í ýmsum greinum, m. a. í frjálstri myndlist, ritlist (grafík), mótunarlist (plastik), veggmynda-gerð (mosaik, fresko o. fl. sérgreinum), og auglýsingateiknun. Gert er ráð fyrir, að sérnám þetta taki að jafnaði tvö ár og ljúki með prófi. Enn fremur er hér gert ráð fyrir námsflokki, þar sem veittur verður undirbúningur að námi í húsagerðarlist (frihendisteiknun, rúmsæisteiknun, mótun). Um nokkur undangengin ár hefur Handíða- og myndlistaskólinn haldið uppi slíkri kennslu, einkum fyrir nemendur í efstu bekkjum menntaskólans og stúdenta, sem hafa haft í hyggju að leggja stund á nám í húsagerðarlist erlendis. Hefur þessi kennsla gefið góða raun og sparað námsmönnum erlendis bæði tíma og fé.

Um 5. gr.

Svo sem áður segir var teiknikennaradeild stofnuð innan Handíða- og myndlistaskólans árið 1941, en vefnaðarkennaradeildin tók til starfa 1959. Með frv. er gert ráð fyrir því, að námið í þessum deildum verði nú aukið allverulega frá því sem verið hefur. Inntökuskilyrði í teiknikennaradeildina verður nú, að nemandi hafi áður lokið námi í forskólanum.

Í því ákvæði frv., að nám í öðrum greinum kennaradeildanna en sérgreinum skuli „vera hið sama eða hliðstætt námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands“ felst, að nemendum kennaradeildanna skuli vera „skytt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni (í Kennaraskóla Íslands) í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein“. (Sjá lög um Kennaraskóla Íslands, 2. gr. liðir 5—6).

Um 6. gr.

Um mörg ár hefur Handíða- og myndlistaskólinn haldið uppi kennslu í einstökum þáttum listiðna, m. a. í listvefnaði, tizkuteiknun, útsaumi, vefritun („taubrykk“), vaxritun (batík), sáldritun („sáldbrykk“), leirmunagerð o. fl. greinum. Er því hér eigi um neina verulega breytingu að ræða frá því sem verið hefur.

Um 7. gr.

Skýringar óþarfar (sjá að öðru leyti yfirlitsmyndina).

Um 8. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 9. gr.

Varðandi launakjör skólastjóra vill nefndin leyfa sér að vísa til tillagna, sem stjórnskipuð nefnd á árinu 1958 gerði til menntamálaráðuneytisins um skipan mála Handíða- og myndlistaskólans. Þar segir m. a.: „Vegna hinnar margþættu starfsemi Handíða- og myndlistaskólans og kennslu í myndlistum, listiðnum, sérmenntun kennara og kennslu á námskeiðum fyrir almenning, er einsætt, að gera verður miklar kröfur til forstöðumanns skólans, bæði um menntun og starfshæfni. Þá má og benda á, að starfsdagur Handíða- og myndlistaskólans hefur jafnan verið, — og vænta má þess, að svo verði einnig í framtíðinni, — miklu lengri en tíðkast um venjulega bóknámsskóla. Er nefndin því einhuga um, að laun skólastjóra séu hæfilega metin skv. V. fl. launalaganna.“ Gera verður sambærilegar kröfur um menntun skólastjóra og kennara og gerðar eru í Kennaraskólanum og menntaskólum.

Um 10. gr.

Auk skólustjóra er nú aðeins einn fastur kennari starfandi við Handíða- og myndlistaskólann, en kennarar þar eru, — og hafa um alllangt skeið verið, — nál. 20 að tölu. Telur nefndin, að eigi verði hjá því komizt — enda æskilegt — að fjölga tölu fastra kennara, þannig að einn fastur kennari starfi við hverja þessara deilda skólans: myndlistadeild, teiknikennaradeild, vefnaðarkennaradeild og listiðnadeild. Má þó gera ráð fyrir því, að enn líði nokkur tími unz ástæða þyki til að skipa kennara að fullu í allar þessar stöður.

Með fjölgun fastra kennara við skólann minnkar að sjálfsögðu stundakennsla að sama skapi.

Um 11. gr.

Um kennsluskyldu skólustjóra og fastra kennara er hér fylgt ákvæðum laga um Kennaraskóla Íslands.

Um 12. gr.

Skólustjórinn fer með daglega stjórn skólans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins (sbr. 9. gr.). En til þess að stuðla að sem lífrænustum og nánustum tengslum skólans við atvinnu- og menningarlíf þjóðarinnar á hverjum tíma gerir 12. gr. frv. ráð fyrir skipun ráðgefandi skólaráðs. Sé skólaráðið skipað fulltrúum þeirra aðila, sem standa að rekstri skólans, — ríkis og Reykjavíkurborgar, — svo og fulltrúum landssambands listamanna, kvenfélaga og iðnaðarmanna. Er þess þá vænt, að skólustjórnin hafi jafnan samráð við og leiti áhlits skólaráðs um hin veigameiri mál, er lúta að tilhögun skólustarfseminnar. — Í till. þessari er fylgt fordæmi margra hlíðstæðra erlendra skóla.

Um 13. gr.

Undangengin ár hefur öðrum kostnaði við rekstur skólans en launagreiðslum til skólustjóra og fastakennara verið skipt þannig, að ríkissjóður hefur greitt 65%, en borgarsjóður 35%.

Til þess að fá fullnægt mjög brýnum þörfum á aukinni starfsemi hinna föstu dagdeilda skólans (teiknikennaradeild, vefnaðarkennaradeild, myndlistadeild og listiðnadeild), hefur hlutur ríkisins í kostnaði við rekstur skólans eðlilega aukizt nokkuð frá því, sem áður var. Þó má þess vænta, að rekstrarkostnaður skólans samkv. frv. muni á næsta ári eigi fara fram úr áætlun fjárl. 1965 og fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir það ár.

Hér skal á það bent, að þegar kostnaður við rekstur kennaradeildanna, — sem gert er ráð fyrir að ríkið kosti að fullu, svo sem jafnan áður, — er dreginn frá heildarkostnaði við rekstur skólans, mun hlutur ríkisins í greiðslu rekstrarkostnaðarins verða sem næst $\frac{2}{3}$, en hlutur borgarsjóðs Reykjavíkur sem næst $\frac{1}{3}$.

(Að öðru leyti vísast hér til áætlunar um rekstrarkostnað skólans 1965, sem samín er af skólustjóranum.)

Á ári hverju stunda nál. 250 manns nám í Handíða- og myndlistaskólanum. Nemendur aðaldeilda skólans, — sem jafnframt eru dýrastar í rekstri, — eru hvaðanæva af landinu; hins vegar er mikill meiri hluti þátttakenda í námskeiðum skólans Reykvíkingar.

Tekjur af kennslugjöldum nemenda á yfirstandandi skólaári munu verða nál. 180 þús. kr. Nemendur kennaradeildanna greiða eigi kennslugjöld.

Um 14.—15. gr.

Skýringar óþarfar.

Reykjavík, 30. nóvember 1964.

Kurt Zier.

Brodði Jóhannesson.

Helgi Eliasson.

Lúðvíg Guðmundsson.

9. marz 1964 lauk laganefndin við samning frv. til l. um Myndlista- og handíða-skóla Íslands. Sendi hún þá hæstv. menntamrh. frumvarpið, ásamt greinargerð og fleiri fylgiskjölum.

Á undangengnum vikum hefur Kurt Zier skólastj., f. h. nefndarinnar, átt ítarlegar viðræður við fræðslustj. Rvíkur um frv., og þá einkum þau atriði þess, er lúta að samskiptum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Nokkrar af fram komnum brtt. hefur laganefndin samþ., og eru þær felldar inn í frv. það, er hér liggur fyrir.“